

**Nd.**

### **431. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til símaframkvæmda.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 12 milljón krónum, til símaframkvæmda, sem hún telur nauðsynlegar umfram þær, sem veitt er til í fjárlögum, enda færast vextir og afborganir af slíkum lánum á reikning landssímans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Greinargerð.**

Frv. er flutt eftir beiðni samgöngumálaráðherra, og fylgdi því eftirfarandi greinargerð. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um málið.

Mikil þörf er á því, að hraðað verði, svo sem unnt er, ýmsum símaframkvæmdum, einkum þó jarðsimalagningum á aðalsímaleiðum og húsabyggingum í sambandi við það. Helztu framkvæmdir, sem hafðar eru í huga í sambandi við framangreinda lántökuheimild, eru þessar: Jarðsími frá Hvalfirði til Hrútafjarðar, ný tæki í stuttbylgjustöðina við Reykjavík, umsamin kaup á línunum og jarðsímum frá setuliðinu og væntanleg frekari kaup á efni og tækjum frá setuliðinu, póst- og símahús í Hrútafirði, Borgarnesi og Vestmannaeyjum, stækkun sjálfvirku miðstöðvarinnar í Reykjavík og jarðsími frá Hrútafirði til Akureyrar. Málið hefur verið rætt í fjárveitinganefnd, og var nefndin þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri, að tekið yrði lán til svo stórra símaframkvæmda, sem hér er um að ræða, og sett um það sérstök lög.